

Miðvikudaginn 7. nóvember 1945.

Nr. 137/1944. Bæjarstjóri Ísafjarðar f. h. Ísafjarðarkaupstaðar (Sigurgeir Sigurjónsson)
gegn

H/f Shell á Íslandi (Gunnar Þorsteinsson).

Setudómarar próf. Gunnar Thoroddsen, próf. Ólafur Lárússon og hrl. Theódór B. Líndal i stað hrd. Árna Tryggvasonarsonar, hrd. Jóns Ásbjörnssonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Endurheimt á ofgreiddu útsvari.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 8. nóvember 1944. Krefst hann algerrar sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, kr. 600.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, bæjarstjóri Ísafjarðarkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnda, h/f Shell á Íslandi, málskostnað fyrir hæstarétti, kr. 600.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. sept. 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. þ. m., hefur h/f Shell á Íslandi höfðað samkvæmt samkomulagi fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 5. maí s. l., gegn Jóni Guðjónssyni, bæjarstjóra á Ísafirði, f. h. Ísafjarðarkaupstaðar til endurgreiðslu á kr. 3000.00 auk

6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómara.

Stefndur hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að árið 1943 lagði niðurjöfnunarnefnd Ísafjarðarkaupstaðar kr. 12000.00 útsvar á starfrækslu stefnanda þar, en hann vildi ekki una því og kærði útsvar þetta til lækkunar. Niðurjöfnunarnefndin og yfirkattanefnd Ísafjarðarsýslu og kaupstaðar úrskurðuðu báðar á þá leið, að útsvarið skyldi standa óbreytt. Loks var útsvarið kært fyrir rikisskattanefnd og í bréfi hennar, dags. 30. desember s. l., til stefnanda var honum tilkynnt, að útsvarið væri lækkað í kr. 9000.00. Í árslok 1943, en áður en úrskurður rikisskattanefndar varð kunnur, hafði stefnandi greitt útsvar sitt, eins og það var upphaflega ákveðið, og krafðist síðan endurgreiðslu á mismuninum. Stefndur hefur hins vegar eigi fengið til að verða við þeirri kröfu. Höfðaði stefnandi því mál þetta og styður kröfur sínar við ákvæði 27. gr. laga um útsvör nr. 106 frá 1936.

Stefndur hefur byggt sýknukröfu sína á því fyrst og fremst, að stefnandi hafi svipt sig rétti til endurgreiðslu fjárens með því að greiða án fyrirvara útsvarsfjárhæðina, eins og hún var fyrst ákveðin. Auk þess heldur hann því fram, að lækkun rikisskattanefndar sé byggð á misskilningi eða röngum upplýsingum um starfsaðferðir niðurjöfnunarnefndarinnar, og hafi endurgreiðslukrafan af þeim sökum ekki við rök að styðjast.

Í 1. mgr. 27. gr. laga nr. 106 frá 1936 segir m. a. svo: „Eigi getur gjaldandi vegna kærðu eða áfrýjunar losað undan að greiða útsvarið á ákveðnum gjalddaga, en vorði það fært niður, skal mismunurinn endurgreiðdur honum.“ Með tilliti til þessa skýra ákvæðis svo og þess, að stefnandi hafði, svo stefndur vissi, lagt ágreiningsefnið fyrir rikisskattanefnd og beið úrskurðar hennar, er hann innti umrædda greiðslu af höndum, þá verður eigi talið, að stefndur hafi haft réttmæta ástæðu til að ætla, að stefnandi sleppti þar með endurgreiðslurétti sínum. Þykir því eigi unnt að taka sýknukröfu stefnds til greina á þessum grundvelli.

Sýknukröfu stefnds, þá er hann styður við misskilning rikisskattanefndar, eins og hann kemst að orði, er eigi heldur unnt að sinna, þegar af þeirri ástæðu, að í niðurlagi 24. gr. útsvarslaganna eru fyrirmæli um það, að úrskurður rikisskattanefndar sé fullnaðarúrskurður um útsvarsupphæð, en þeim úrskurði rikisskattanefndar, er hér um ræðir, hefur ekki verið haggð.

Málinu lýkur því svo, að kröfur stefnanda verða teknar til greina, þó svo breyttar, að ársvextir verða eigi dæmdir hærri en fimm af hundraði. Þá ber stefndum og að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 400.00.

Árni Tryggvason borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Jón Guðjónsson bæjarstjóri f. h. Ísafjarðarkaupstaðar, greiði stefnanda, h/f Shell á Íslandi, kr. 3000.00 með 5% ársvöxtum frá 5. maí 1944 til greiðsludags og kr. 400.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. nóvember 1945.

Nr. 32/1945. Aðalsteinn Úlfarsson (Magnús Thorlacius)
gegn

Hreppsnefnd Borgarnesshrepps f. h. hreppsins. (Einar B. Guðmundsson).

Setudómari próf. Gunnar Thoroddsen
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Endurheimt útsvars.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 5. marz þ. á., krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 2459.30 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. október 1943. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að héraðdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Yfirheyrsla aðilja hefur farið fram, eftir að héraðsdómur gekk.

Áfrýjandi hefur frá því á árinu 1938 verið skipverji á v/s Eldborg, sem h/f Grímur í Borgarnesi gerir út. Hann hefur samt síðan á árinu 1939 verið búsettur í Reykjavík og haft þar íbúð á leigu. Kona hans og börn hafa dvalizt þar. Þrátt fyrir þetta hefur hann talið sig heimilisfastan í Borgarnesi á manntalsskýrslum þar og talið þar fram til skatts. Þessi ár hefur verið lagt útsvar, kirkjugarðsgjald og hreppsvegagjald á áfrýjanda í Borgarnesi, og hefur hluti af skipverjalaunum hans gengið til greiðslu á gjöldum þessum.